

Kallarðu þetta jafnrétti?

Þegar þetta er ritað er innan við sólarhringur í að allsherjarkvennaverfall hefst um land allt. Þar sem ritstjóri og blaðamaður Dagskrárinnar er ein og sama manneskjan og í ofanálag kvenkyns, mun einhver skerðing verða á því sem birtist í blaði vikunnar, í ljósi þess að viðkomandi ætlar að sýna kvárum og kynsysturum sínum samstöðu og leggja niður störf þriðjudaginn 24. október, en það vill svo til að á þriðjudögum er blaðið sett upp og sent í prentun.

Í tilefni dagsins voru konur og kvár hvött til að leggja niður öll störf, bæði launuð og ólaunuð. Yfirskrift verkfallsins í ár er *Kallarðu þetta jafnrétti?* Og er meginþemað kynbundið og kynferðislegt ofbeldi gegn konum og kynsegin fólki, sem og kerfisbundið vanmat á störfum kvenna. Er þetta í fyrsta sinn síðan 1985 sem verkfallið er boðað í heilan dag. Nánar er fjallað um verkfallið á bls. 2.

HGL

#kvennaverfall



Atlantsolía sprengir upp eldsneytisverðið á Suðurlandi

Atlantsolía á Selfossi. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Atlantsolía lækkaði um helgina verð á eldsneyti á bensínstöð sinni á Selfossi til samræmis við verðstefnu sína í Kaplakrika, Sprengisandi og Akureyri og býður nú upp á ódýrasta eldsneytisverð sitt þar án allra afslátta.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem Atlantsolía sendi frá sér á laugardag.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Atlantsolía sprengir upp verðið á eldsneytismarkaði. Með opnun svokallaðrar Bensínsprengju í Kaplakrika árið 2019 varð Atlantsolía fyrst olíufélaga til að bjóða öllum viðskiptavinum upp á sama lága eldsneytisverðið óháð öllum fríðindakerfum, meðlimagjöldum eða öðrum afsláttarkörum. Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum og í kjölfarið lækkaði Atlantsolía verðið á bensínstöðinni við Sprengisand. Árið 2020 opnaði Atlantsolía svo Bensínsprengju við Baldursnes á Akureyri og nú er komið að Suðurlandi.

„Bensínsprengjan okkar breytti landslaginu á eldsneytismarkaðnum, fyrst þegar við breyttum verðstefnunni í Kaplakrika og svo í kjölfarið á Sprengisandi,“ segir Rakel

Björg Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Atlantsolíu. „Atlantsolía hefur verið leiðandi í samkeppni á eldsneytismarkaðinum, neytendum til hagsbóta. Í ljósi frábærra undirtekta viðskiptavina við okkar lægsta verði á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi er rökrétt skref að bjóða upp á sama verð á Suðurlandi. Þannig svörum við enn á ný kalli neytenda um lægra eldsneytisverð á landsbyggðinni.“

Viðskiptavinir Atlantsolíu fá áfram afslátt af eldsneyti með dæluþykki á öllum öðrum stöðvum Atlantsolíu en í Kaplakrika, á Sprengisandi, Baldursnesi og Selfossi munu allir fá sama lága eldsneytisverðið, án afslátta.

Atlantsolía rekur 25 sjálfsafgreiðslustöðvar, átján á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og sjö á landsbyggðinni.

Orkan hefur þó svarað verðsprengingu Atlantsolíu og býður bæði bensín og dísel á 10 aukum lægra verði en Atlantsolía. Í dag, 23. október, er 95 okt á 294.70 kr. hjá Atlantsolíu á Selfossi og 294.60 kr. hjá Orkunni á Selfossi. Þá er Díselolía á 303.20 kr. hjá Atlantsolíu og 303.10 kr. hjá Orkunni.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Hér má sjá Þorvald halda í Steypu sína.

Barátta forystuánna

Á síðasta Kótelettukvöldi í Þingborg tókust þeir Guðni Ágústsson og Þorvaldur Þórarinnsson á Litlu-Reykjum á um hvor ætti betri forystukind. Guðni á Flugfreyju og Þorvaldur á Steypu. Báðar eru magnaðar forystuær. Þeir

héttu að leiða þær saman í réttum í haust en ekkert varð úr því af ákveðnum ástæðum sem verða kynntar á Kótelettukvöldinu á laugardag, þá mun einnig koma í ljós hvert framhaldið verður.

Kallarðu þetta jafnrétti?

Á þriðjudag voru liðin 48 ár frá fyrsta kvennafriðdegnum en fyrsta kvennafrið fór fram þann 24. október árið 1975. Þá lögðu 90% íslenskra kvenna niður störf til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið. Þær vildu mótmæla og vekja athygli á launamísrétti, vanmati á störfum kvenna, skorti á virðingu og valdaleysi kvenna. Hjól atvinnulífsins, og reyndar þjóðlífsins alls nánast stöðvuðust þennan dag. Fundurinn vakti athygli um allan heim og sýndi að samstaða er sterkasta vopnið. Í þetta í fyrsta sinn síðan árið 1985 sem verkfallið er boðað í heilan dag.

Á þriðjudag var boðað til baráttufundar á Arnarhóli í Reykjavík klukkan 14:00, sem og samstöðufunda víðsvegar

um landið, þar á meðal í Vík. „Þrátt fyrir áratugalanga baráttu búum við enn í samfélagi þar sem langlífasti og útbreiddasti faraldurinn sem við eigum við að etja er kynbundið ofbeldi, ásamt því að framlag kvenna til samfélagsins er gróflega vanmetið. Hver rannsóknin á fætur annarri sýnir fram á sláandi tölur um mísrétti og ofbeldi, en viðbrögðin eru lítil sem engin. Við sem samfélag virðumst orðin samdauna stöðunni og teljum að jafnrétti komi með tímanum — jafnvel þó vitað sé að það muni a.m.k. taka heila ævi,“ segir á vefsíðu verkfallsins, www.kvennafri.is en þar má að auki fá svör við algengum spurningum sem brenna á fólki.

„Þótt mikið hafi áunnist frá árinu 1975 hefur ekki verið

orðið við megin kröfu Kvennafriðs: Að störf kvenna séu metin að verðleikum. Atvinnutekjur kvenna eru enn 21% lægri en karla og hefðbundin kvennastörf eru talsvert verr launuð en karlastörf. Konur sem starfa við ræstingar, umönnun og menntun barna, þjónustu við veikt fólk, fólks með fötlun og aldraðra eru á einna lægstu launum í íslensku samfélagi. Þá birtist kerfisbundin mísrétti í því að 40% kvenna hafa orðið fyrir kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, að trans fólk, þ.m.t. kvár, konur með fötlun og konur af erlendum uppruna verða fyrir meira ofbeldi en aðrir hópar,“ segir í færslu frá Kennarasambandi Íslands, sem er meðal fjölmargra samtaka sem boða til verkfallsins. **HGL**

Fjölbreyttur forvarnardagur í Árborg

Forvarnardagurinn var haldinn hátíðlegur í Sveitarfélaginu Árborg á dögunum og stóð forvarnarhópur Árborgar fyrir glæsilegri dagskrá eins og undanfarin ár. Á forvarnardaginn var öllum 9. bekkjum grunnskólanna í Árborg boðið upp á sameiginlega dagskrá sem unnin var í samstarfi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokks-eyri (BES), Sunnulækjarskóla, Vallaskóla, Umf. Selfoss og félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz.

Dagskráin hófst með setningu á Hótel Selfoss þar sem Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson deildarstjóri frístundarþjónustu ávarpaði nemendum og Magnús Bjarki Þórlindsson, betur þekktur sem Maggi BMX kom og hvatti nemendur til að lifa heilbrigðu lífi, vera samkvæm sjálfum sér og taka ábyrgð. Nemendur hlýddu á ávarp frá forseta Íslands og í framhaldinu var þeim svo skipt upp í hópa, þvert á skóla þar sem þeir fóru á milli stöðva sem allar höfðu mikið og gott forvarnargildi.



Nokkrir nemendanna kátir í pylsupartyinu við Tíbrá. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Nemendur fengu fræðslu frá Lögreglunni um ofbeldi, sakhæfi og umferðaröryggi. Í ungmenntahúsinu fengu þau fræðslu um mörk og samþykki og í félagsmiðstöðinni Zelsíuz var unnið með klípusögur um mörk, samþykki og samskipti. Björgunarveit Árborgar var með kynningu á starfseminni sinni og Umf. Selfoss var með kynningu á Taekwondo. Einnig fóru nemendurnir í hópefli og unnu í umræðuhópum þar sem þau svöruðu meðal annars spurn-

ingum tengdum samveru, heilbrigðu lífi og félagsþrýsting. Að lokinni dagskrá var nemendum boðið upp á grillaðar pylsur við Tíbrá.

Dagurinn gekk vel í alla staði og vill forvarnarhópurinn koma á framfæri þakklæti til starfsmanna og allra þeirra sem stóðu að deginum með þeim.

Fyrir hönd forvarnarhópsins,
 Ellý Tómasdóttir,
 forstöðumaður frístundahúsa
 og forvarnarfulltrúi

Mundu eftir brjóstunum!

Selfoss 6. - 17. nóvember 2023

Bókaðu núna á krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is
eða í síma **513 6700** kl. 8:30–12:00 virka daga

To schedule your appointment e-mail us on
krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is or call us
on **513 6700** between 8:30–12:00 on any weekday

heilsugaeslan.is

Samhæfingarstöð
krabbameinsskimana


Brjóstamiðstöð
Landspítala

JÓLA SEÐILL

13 rétta bæði hefðbundinn og vegan

Bókaðu núna á hotelranga.is

Hotel Rangá



#kvennaverkfall

Ekið á barn á Selfossi

Það óhapp varð á Selfossi á mánudag í síðustu viku að 13 ára stúlka varð fyrir bíl á gatnamótum Rauðholts og Engjavegar.

„Hún hefur verið á ferðinni um 17:30 leytið, það var a.m.k. ekki orðið dimmt en kannski aðeins tekið að rökkva. Hún var að hjóla Engjaveginum í átt að hesthúsinu og stoppar við gatnamótin við Rauðholt en þar eru tveir bílar stopp. Mér skilst svo á henni að fremri bíllinn hafi keyrt af stað, hún hikaði en ákvað að fara yfir og þá keyrir aftari bíllinn líka af stað og keyrir á hana. Hún dettur og ökumaðurinn kemur út og spyr hvort að það sé í lagi með hana sem hún segir að sé þannig ökumaðurinn fer,“ segir móðir stúlkunnar í samtali við Dagskrána.

Stúlkan segist hafa reynt að hjóla af stað en að felgan á hjólinu hafi verið svo beygluð að það hafi ekki reynst mögulegt. Hún hafi því teymt hjólið til ömmu sinnar og afa sem búa nálægt slysstaðnum og hringið í foreldra sína. Þá segir hún að annar bíll hafi verið á svæðinu sem hafi tekið mynd af bílnum sem keyrði á hana og gæti látið hana hafa bílnúmerið ef þess



Mynd úr safni. Mynd: Dagskráin/Björgvin Rúnar

þyrfti. „Henni greyinu brá eðlilega og grét bara heima hjá ömmu sinni og afa sem er mjög ólíkt henni, verandi komin á þennan aldur,“ bætir móðir stúlkunnar við.

Móðirin segist, eftir að hafa fullvissað sig um að allt væri í lagi með barnið, hafa orðið svolítið hugsi yfir því að ökumaðurinn hefði ekki tryggt það að barnið fengi samband við forráðamenn eftir svona slys og ákvað að senda inn vinsamlega ábendingu á Facebooksíðuna Íbúar á Selfossi, með það á bakvið eyrað að ökumaðurinn myndi mögulega gefa sig fram. „Sem hann og gerði. En hann

lýsti því yfir að hann hafi sjálfur verið í sjokki eftir þetta, sem olli því að hann ók af vettvangi án þess að haft yrði samband við forráðamenn. Hann segist hafa áttað sig á því þegar hann keyrði í burtu og hafi komið aftur til baka til að athuga betur með hana en þá hafi hún verið farin. Ég ber engan kala til ökumannsins og átta mig á því að við erum öll mannleg og getum gert mistök. Hún var fljót að jafna sig og var komin í áheitasöfnun fyrir handboltann um kvöldið þannig þetta fór á besta mögulega veg, fyrir utan eina ónýta felgu,“ segir móðir stúlkunnar að lokum.

HGL



Snorri Sigurðsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil byrja á því að þakka Styrmí Jarli kærlega fyrir áskorunina.

Ég ætla að bjóða ykkur kæru lesendur upp á alíslenska rollu með mexíkósku yfirbragði.

Eldunartíminn er í lengra lagi en um þrjár klukkustundir. Svo ég mæli hiklaust með að taka eftirmiðdaginn frá, setja plötuna „Stuð Stuð Stuð“ með Þe lónlí blú bojs á fóninn og hafa það náðugt á meðan rolluleggirnir móðeldast í ofninum.



Settu lok á pottinn og í ofninn á 150°C í 3 klst.

Mexíkóskir móðeldaðir rolluleggir

Lambaskankar 2 stk.
Nautasoð 1 ltr.
Rauðvín ¼ flaska
Tómatpúrra 1 msk.
Gulrætur 6 stk.
Laukur 1 stk.
Hvítlauksgeirar 2 stk.
Chilli rauður 2 stk.
Ferskt Timían ½ pakki
Kanilstöng 1 stk.
Paprikuduft 1 msk.
Reykt paprika 1 tsk.
Kóríander 1 tsk.
Cumin 2 tsk.
Góð klípa salt og pipar

Stillið ofninn á 240°C. Nuddið leggina með smá olíu og saltið. Setjið í heitan ofninn í 10-15 mín þar til gullbrúnir.

Á meðan þeir brúnast í ofninum setur þú ofnpott á hellu og skellir nautasoði, rauðvíni, tómatpúrri og kryddum ofan í. Skerðu laukinn í helming og bættu í soðið ásamt restinni af hráefnum.

Þegar leggjirnir eru brúnaðir lækkaðu ofninn niður í 150°C.

Settu leggina í soðið ásamt fitunni sem lak af þeim. Bættu við smá vatni ef þarf til að umlykja kjötið.

Að lokum ætla ég að skora á góðan dreng og kumpána Magnús Helga Sigurðsson. Sá hefur einstaklega virðingarverðar skoðanir á matargerð. Magnús kys eingöngu hráefni „beint úr haus“ ein og hann tekur svo oft til orða. Einnig vill hann helst fá beik- onpylsuna sína hægeldaða við stofuhita í minnst 18 klst þar til hún er orðin grá og krumpuð. Mikill matargagnrýnir þar á ferð og hikað ekki við að senda kvörtunarbréf á veitingastaði ef t.d. álegginn á samlokunni hitta ekki á tunguna í rétttri röð. Yfir til þín Magnús.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Kartöflumús

2-4 bökunarkartöflur
Smjör
Salt og pipar

Skrældu bökunarkartöflurnar og sjóddu heilar í söltuðu vatni þar til tilbúnar.

Helltu vatninu af, stappaðu með vænni klípu af smjöri. Saltið og piprið af vild. Gott að bæta smá grófu sinnepi út í.

Epla Salsa

½ grænt epli
½ pakki Steinselja
½ pakki Kóríander
1-2 lime djús og börkur
1 rauður chilli
Skveta af olífuolíu
Salt og pipar

Skerið epli í smáa teninga. Saxið steinselju, kóríander og chilli mjög smátt. Blandið rest út í og smakkið til með salti og pipar.

Að eldunartíma liðnum taktu kjötið og gulrætur úr soðinu og sigtaðu restina af sósunni í flát. Gott að bera fram með fersku grænu salati beint úr haus. Bon appétit!



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Sprungin götu undir er, oft í námu falin.
Umferð mikla áfram ber, eftir henni blóðið fer.

Svar við gátu í blaði 2723: **BOLLI**
1. Bolli, sérnafn - 2. Kaffibolli
3. Manndrápsbolli (lélegt skip) - 4. Bol(l)i



Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is
dfs@dfs.is - www.dfs.is

Allir út á bleiku skýi

Snyrtistofan Stella opnaði í Kerhólum 11 á Selfossi þann 17. október sl.

Selfyssingurinn Guðlaug Stella Hafsteinsdóttir, iðulega kölluð Stella, er eigandi snyrtistofunnar Stellu. Hún er að hefja störf aftur eftir barneignaleyfi og er þrælspennt fyrir því að komast aftur í stólinn.



„Ég elska að vinna við þetta af því að mér finnst svo gaman að hjálpa fólki að líða vel með sjálfst sig. Það er svo magnað hvað smá litun og plockun getur gert mikið fyrir sjálfið og fyllt mann af sjálfstrausti og mér finnst svo æðislegt að taka þátt í því. Svo er ég ótrúlegur dundari í höndunum og þarna fæ ég tækifæri a að vinna með höndunum,“ segir Stella í samtali við DFS.is

Stella mun bjóða uppá helstu snyrtimeðferðir á borð við litun og plockun, vax og and-

litsmeðferðir. „Svo verð ég líka með lúxus litun og plockun, þar sem herðar og háls eru nuddaðar með heitum steinum áður en höfuðið er nuddað og í lokin er augnsvæðið nuddað með köldum steinum. Svo er ég mjög spennt fyrir að bjóða upp á svokallaðar óvissuferðir fyrir þau sem vilja dekur en vita ekkert hvað þau vilja bóka sig í, þá koma þau bara í stólinn til mín og ég kemst að því hvað hentar hverjum og einum og ég lofa því að allir fara út á bleiku skýi!“, segir Stella og brosir breitt.

Velkomin í Selfosskirkju



Fjölskyldumessa 29. október kl. 11

Það verður sannkölluð fjölskyldustund í Selfosskirkju á sunnudaginn kemur og við bjóðum alla, unga sem eldri, hjartanlega velkomin. Sunnudagaskólinn hefst á sama tíma og mun stjórnukórinn (1. bekkur) syngja í upphafi messunnar. Einnig syngur unglingakórinn okkar í messunni og fermingarbörnin taka virkan þátt.

Umsjón með messunni hafa allir prestar kirkjunnar. Organisti og kórstjórnandi er Edit Molnár.

Við hvetjum alla sem vilja að koma í búningi til messunnar – þótt ekki sé það skylda.

Með kærri kveðju úr Selfosskirkju.



Þegar ég hugsa um framtíðina

Þegar ég hugsa um framtíðina í Þorlákshöfn þá sé ég ekki aðeins öfluga atvinnuuppbyggingu, ég sé líka blómlegt mannlíf. Mannlíf sem byggir bæði á krafti þeirra sem hér búa og því umhverfi sem einkennir Þorlákshöfn. Uppbyggingin sem er í gangi þessi misserin er að miklum hluta á gríðarlega stórum skala sem hefur óneitanlega áhrif á umhverfið og upp að vissu marki er það þolanlegt fyrir ágóðan sem fylgir því að fá öflug fyrirtæki inn í sveitarfélagið með fjölgun starfa, fasteignagjalda og svo framvegis. En í allri uppbyggingunni í atvinnulífinu má ekki gleymast að á sama tíma þurfum við líka að byggja upp mannlíf, útivistarsvæði, huga að umhverfinu og lífsgæðum þeirra sem hér búa og munu búa í framtíðinni. Við berum ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum.

Nú stendur til að setja landfyllingu á svæðið við Hafnar-nesvita, sem þykir algjörlega einstakt til þess að stunda brimbrettaíþrótt. Í raun segir Brimbrettafélag Íslands að Þorlákshöfn sé hjartað í brimbrettaíðkun á Íslandi og að ef landfyllingin verður að veruleika muni það hafa verulega neikvæð áhrif á íþróttina. Ástæðan fyrir því er tvenns konar; hún hefur áhrif á ölduna, styttr hana og býr til endurkast og framkvæmdin setur þau sem stunda íþróttina í mikla hættu þegar þau lenda við landfyllinguna þar sem erfitt getur reynst að komast upp úr sjónum.

Félagið sem ekki er úr Ölfusi

Brimbrettafélagið er ekki einu sinni félag í sveitarfélaginu! Af hverju eigum við að standa vörð um þeirra hagsmuni?

Þetta er spurning sem heyrir

við þessa dagana, og skiljanlega. Af hverju eigum við að standa vörð um svæði sem fólk nýtir sem keyrir bara inn í bæinn, fer sömu leið til baka og skilur ekkert eftir sig? Eða er það raunverulega þannig þegar við skoðum málið nánar?

Ég sá íbúa í Þorlákshöfn skrifa inn á samnefndan hóp á Facebook að ástæða þess að hann flutti hingað var svo hann gæti búið á sama stað og aldan sem hann sækir og hann hlakkar til þess að sonur hans verði nógu stór til að fara með honum og læra á brimbretti. Ég veit um hjón sem fluttu til Þorlákshafnar fyrir nokkrum árum og búa hér með börnin sín, en þau kynntust einmitt við brimbrettaíðkun í Þorlákshöfn. Ég hitti reglulega fólk í sundi sem var að koma úr sjónum þar sem það er í sæluvímu eftir að hafa stundað sína íþrótt. Ég vann einu sinni á Hendur í höfn, kaffihúsinu sem við söknum mörg, og hitti þar fyrir hjón sem voru í brúðkaupsferð alla leið frá Ástralíu og komu sérstaklega til Þorlákshafnar til að prófa þessa umtöluðu öldu, hún er nefnilega „heimsfræg“ í alþjóðlega brimbrettasamfélaginu og hefur verið um hana fjallað hjá fjölmörgum alþjóðlegum fjölmiðlum og áhrifavöldum, sem hefur sannarlega auglýsingagildi fyrir sveitarfélagið Ölfus. Sveitarfélag sem hefur einmitt markaðssett sig með brimbrettafólk í forgrunni þegar það hefur hentað.

Brimbrettaíþrótt varð samþykkt ólympíuþrótt árið 2020 og er fyrsta kynslóð íþróttafólks að stunda hana hér á Íslandi. Hún er í uppbyggingarfasa en um 500 manns stunda hana reglulega og mikil fjölgun hefur orðið á iðkendum undanfarin ár. Það skýtur

skökku við að sveitarfélagið Ölfus sem setur margar milljónir á ári í stuðning við ýmsar íþróttir og stendur vel að uppbyggingu á íþróttamannvirkjum sé á sama tíma að verða þess valdandi að forsendur fyrir annarri íþrótt bresti, ekki bara í sveitarfélaginu heldur á landsvísi. Íþrótt sem sveitarfélagið þarf í raun ekkert að setja pening í til að dafni því aðstæður fyrir íþróttina eru fullkomlega sjálfbærar og viðhaldsfriar. Hvað vitum við um það hvernig þessi íþrótt þróast innan sveitarfélagsins. Eftir nokkur ár gæti jafnvel verið til öflugt Brimbrettafélag Ölfuss, því þeim fer fjölgandi íbúnum sem stunda þessa íþrótt. Einu sinni átti Þorlákshöfn ekki körfuboltalið en nú þekkja allir þór í Þorlákshöfn.

Svæðið er á náttúruminjaskrá

Þetta svæði sem um ræðir er á náttúruminjaskrá. Í umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir um landfyllingu er mat þeirra að uppbygging á svæðinu sé farin að hafa áhrif á útivistargildi þess. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að verndun svæða til útivistar og skoðaðir séu aðrir valmöguleikar varðandi uppbyggingu athafnasvæðis. Auk þess bendir stofnunin á að nú er töluverð starfsemi fiskeldis meðfram suðurströnd og frekari uppbygging í färvatninu. Því telur hún mikilvægt að metin séu sammögnun áhrifa þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sé stað og eru fyrirhuguð, með tilliti til útivistar og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Þetta snýst ekki bara um Brimbrettafélagið, heldur einnig um svæði sem er á náttúruminjaskrá og almennt um útivistarsvæði í Þorlákshöfn. Hvar ætlum

Ása Berglind
Hjálmarsdóttir

Bæjarfulltrúi og
nefndarmaður í
Framkvæmda- og
hafnarnefnd Ölfuss



við sem samfélag að draga línu í sandinn og standa vörð um útivistarsvæði?

Draumar eða raunveruleg og gerleg framtíðarsýn?

Fjallabyggð er líka að vinna að breytingu á deiliskipulagi þessa dagana en hún snýst um að vernda svæði fyrir brimbrettaíðkun í Ólafsfirði, þar sem áður fyrirhuguð landfylling er alfarið tekin út úr myndinni og þess í stað er verið að byggja svæðið upp með brimbrettaíðkun og útivist að leiðarljósi. Þar er verið að skilgreina hverfisverndarsvæði með það að markmiði að varðveita sjávarbotninn sem skapar öldur sem þykja eftirsóknarverðar fyrir brimbrettaíðkun og byggja upp þjónustu og verslun í kringum þá íþrótt, sjósund og aðra útivist.

Ef ég ætti glás af pening þá myndi ég vera að skoða þá hugmynd að setja þarna upp ferðamannastað. Útsýnisveitingahús, heita potta, gufubað, útisturtur, rólövöll í anda skátanna með endurnýttum efnivið sem tengist sjómennsku og hafinu, kannski einhverkonar sjósóknarsafn sem endurspeglar sögu og þróun atvinnulífs í Þorlákshöfn. Sjáðið þið þetta ekki fyrir ykkur? Ég er fullviss um að þetta yrði einn af eftirsóttustu ferðamannastöðum á Suðurlandi, því þó svo að fólk vilji ekki endilega stunda brimbrettaíþróttina sjálf, þá held ég að við njótum þess öll að fylgjast með þessu hugrakka og sterka fólki sem er úti í ísköldu Atlants-

hafinu að stunda íþrótt sem fólk tengir almennt við hlýrra loftslag og hvítar strendur. Lengi hefur verið talað um að það vanti segul í ferðamennsku hingað í Þorlákshöfn, eitthvað sem dragi til okkar ferðamenn. Kæru Þorlákshafnarbúar, þessi segull er beint fyrir framan nefið á okkur og við erum að fara að skemma hann ef fer sem horfir.

Hver er lausnin?

En þá kallar einhver: „Við getum ekki látið svona óraunhæfa drauma og eitthvað brimbrettafélag koma í veg fyrir framþróun í atvinnulífinu í Ölfusi“, sem er skiljanlegt sjónarmið.

En hvað ef við getum bara fært þessa landfyllingu um nokkra metra? Það er nóg af plássi í þessu sveitarfélagi og það vill svo til að athafnasvæði hafnarinnar er með möguleika til þess að stækka í hina áttina, þar sem sandfjaran Skötubót er. Sú fjara er vissulega notuð sem útivistarsvæði en síst hjá þeim hluta við höfnina þar sem skólpið rennur út í sjó og fæstir kjósa að eyða sínum frístundum. Aðgengið niður í fjöru er ágætt hjá golfskalanum og af minni reynslu að dæma þá leggja flestir sínum bílum þar og ganga ofan í fjöru. Því er staðsetningin þeim megin við höfnina mun hentugri fyrir landfyllingu í ljósi þess að svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og með meiri möguleikum á áframhaldandi stækkun.

Það er alveg skýrt hjá fulltrúum minnihlutans í Framkvæmda- og hafnarnefnd að við viljum fylgja fordæmi Fjalla- byggðar, vernda útivistarsvæðið sem hér um ræðir, byggja það upp sem slíkt og horfa til mögulegrar framtíðarnýtingu sem getur til að mynda verið í stóráukinni ferðajónustu.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Við skorum á karla!

- Formlegt vetrarstarf Kirkjukórs Selfosskirkju hefst með reglubundnum æfingum í september. Kórinn er þó starfandi allt árið en ekki eru reglulegar æfingar yfir sumartímann. Megin hlutverk kórsins er að syngja við athafnir í Selfosskirkju en hann fæst að auki við ýmislegt annað.
- Kórinn hóf haust starfið á að æfa lög eftir Björgvin Þ. Valdimarsson sem voru flutt í Selfosskirkju þann 8. október að höfundu viðstöddum.
- Fyrir á árinu tók kórinn þátt í tveimur stórum verkefnum ásamt Sinfóníuhljómsveit Suðurlands. Annars vegar jóladagskrá en síðan uppsetningu á Magnificat eftir John Rutter um páskana.
- Eins og sjá má eru verkefni kórsins af ýmsum toga. Það er gefandi og skemmtilegt að taka þátt í kórstarfi og láta um leið gott af sér leiða.
- Nauðsynlegt er að fá reglulega nýja félagi til liðs við kórinn. Þessi endurnýjun hefur gengið vel en undanfarið hefur reynt erfiðara að fá karla í kórinn. Við skorum því á áhugasama karla, sérstaklega bassa, að koma og prófa.
- Stjórnandi kórsins er Edít Molnár og er áhugasömum bent að hringja í hana í síma 861-7428 eða senda póst á edit@simnet.is

Basar í Þingborg 4. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 4. nóvember 2023 kl. 13-17.

Öll innkoma rennur til Sjóðsins góða. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusóknna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, deilda Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs kirkjunnar. Hlutverk Sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga elki fyrir nauðurfurðum fyrir jólin.

Veglegur kökubasar, vöfflusala og fjölbreytt, vandað handverk verður til sölu. Tekið verður við greiðsluortum.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps,
Kvenfélag Hraungerðishrepps og
Kvenfélag Villingaholtshrepps

Stöðugildum fjölgaði mest á Suðurnesjum og Suðurlandi

Byggðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Þetta segir í frétt frá Byggðastofnun.

Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda við áramót 2022/2023 og eru þær birtar í skýrslunni Hvar eru ríkisstörfin 31.12.2022? Einnig hefur mælaborð þar sem hægt er að skoða fjölda stöðugilda eftir landshlutum, sveitarfélögum og málaflokkum ráðuneyta verið uppfært með nýjustu gögnum.

Stöðugildi á vegum ríkisins voru 27.694 þann 31. desember 2022, þar af voru 18.015 (65%) skipuð af konum og 9.679 (35%) af körlum. Á árinu 2022

fjölgaði stöðugildum um 788 á landsvísi eða 2,9%.

Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (70%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%).

Mest hlutfallsleg fjölgun stöðugilda varð á Suðurnesjum

10,7% og næst mest á Suðurlandi 9,1%. Á Suðurnesjum fjölgaði mikið hjá ISAVIA og lögreglunni á Suðurnesjum sem má eflaust rekja til upprisu ferðaþjónustunnar eftir heimsfaraldur og nokkur fjölgun varð hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Á Suðurlandi fjölgaði meðal annars hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og þjóðgarðinum á Þingvöllum.

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting frá 31.12.21
Höfuðborgarsvæðið	12.694	6.716	19.411	+365 (+1,9%)
Suðurnes	823	788	1.612	+155 (+10,7%)
Vesturland	628	285	912	+41 (+4,7%)
Vestfirðir	306	183	489	+6 (+1,3%)
Norðurland vestra	363	180	543	-11 (-2,1%)
Norðurland eystra	1.622	663	2.284	+60 (+2,7%)
Austurland	407	211	617	+20 (+3,4%)
Suðurland	1.135	624	1.760	+147 (+9,1%)
Erlendis	36	29	66	+5 (+7,4%)
Samtals	18.015	9.679	27.694	+788 (+2,9%)

Festu jeppa í Hólmsá

Síðasta laugardagskvöld Óskuðu erlendir ferðamenn sem voru á ferð norðan Mýrdalsjökuls eftir aðstoð. Þeir höfðu þá festu jeppa sem þeir voru á í vaði á Hólmsá.

Björgunarsveitir Stjarnan og Lífgjöf fóru til aðstoðar og nálguðust fólkið sitt hvoru megin árinna, þar sem ekki var vitað hvort hún væri fær vegna vatnavaxta.

Vel gekk að losa bílinn þegar að var komið, og hélt fólkið til byggða niður Álftavers afreft. Upphafleg áætlun hópsins var að gista í fjallaskála að Fjallabaki, en var ráðlagt að halda til

byggða vegna aðstæðna, sem þau gerðu. Rétt fyrir miðnætti

voru öll komin til byggða og aðgerðum lokið.



Hægt að sækja um vegabréf á netinu

Sýslumenn og Þjóðskrá hafa nú opnað fyrir forskráningar og greiðslu fyrir vegabréfsúmsóknir á Ísland.is. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Stjórnarráði Íslands.

Þar segir að með tilkomu breytingarinnar komi umsóknarferli vegna vegabréfa til með að styttest til muna, auk þess sem forsjáraðilar þurfa ekki báðir að mæta með börnum sínum til sýslumanns til að sækja um vegabréf.

Þegar skráningu á vefnum er lokið mætir umsækjandi til sýslumanns til að ljúka þeim hluta umsóknarinnar sem kallar á viðveru, svo sem myndatöku, undirritun og fingrafaraskráningu. Hægt er að bóka tíma í myndatöku á höfuðborgarsvæðinu. Ekki þarf að bóka tíma á öðrum

umsóknarstöðum.

Umsókn um vegabréf hefur hingað til falið í sér meira umstang umsækjenda á skrifstofu sýslumanns og ber þar helst að nefna útfyllingar á eyðublöðum, bið hjá gjaldkera til að greiða fyrir vegabréfið og bið í myndatöku. Með forskráningu og greiðslu á Ísland.is er þessu ferli hraðað á þann hátt að umsækjandi hakar einfaldlega við á Ísland.is að hann óski eftir vegabréfi, gengur síðan frá greiðslu og mætir að lokum til sýslumanns beint í myndatöku til að klára umsóknarferlið og getur gert það

á hvaða skrifstofu sýslumanns sem er á landinu óháð því hvar þeir búa.

Forsjáraðilar með börn eiga nú enn hægara um vik að sækja um vegabréf því nú geta þeir samþykkt umsóknina fyrir sitt leyti í stafrænu ferli. Annar forsjáraðilinn byrjar umsóknarferlið og hinn fær stafræna beiðni með tölvupósti og á Mínnar síður um að samþykkja útgáfu vegabréfs barnsins sem sótt er um fyrir. Útgefin vegabréf á Íslandi á þessu ári eru farin að nálgast 48.000.

Flest vegabréf á einu ári voru gefin út árið 2016 þegar um 76.000 vegabréf voru gefin út.

HGL



Glæsilegir píanótónleikar á flyglinum í sal Tónskólans

Sunnudaginn 15. október voru haldnir í fyrsta sinn píanótónleikar í sal Tónskólans Mýrdalshrepps í tilefni Regnbogahátíðinnar. Það var ein af okkar þekktustum píanóleikurum og píanókennurum á Íslandi hún, dr. Nína Margrét Grímsdóttir sem lek með glæsibragð krefjandi dagskrá með tónlist eftir Páll Ísólfsen, Edvard Grieg, Claude Debussy, Frederic Chopin og önnur tónskáld. Tónleikarnir voru tileinkaðir dr. Páli Ísólfsyni sem hefði orðið 130 ára 12. október á þessu ári en hann fæddist á Stokkseyri 1893.

Annað tilefni píanótónleikanna var sjálfur flygill Mýrdælinga sem kom heim til Tónskóla Mýrdalshrepps fyrir nokkrum vikum. Það var að frumvæði Önnu Björnsdóttir, tónmenntakennara og kórstjóra í Vík, sem byrjaði söfnun fyrir flygiltinum árið 2007 á sextugs afmælinu sínu. Boltinn rúllaði síðan og var stofnuð flyglanefn og margir komu að söfnun upphæðina fyrir glæsilegan flygill sem er í dag hefur verið komið fyrir í Tónskóla Mýrdalshrepps, Sunnubraut 7, Vík. Flygill verður nýttur til



kennslu og tónleikahalds um ókomin ár, öllum Mýrdælingum til ómældrar gleði og ánægju. Að lokum á frábæra tónleika, áhorfendur voru fullir af gleði og þakklæti fyrir yndislega píanóspil Nínu Margrétar. Alexandra Chernyshova skólastjóri Tónskólans færði blómvond til tónlistarkonu með von að þetta gæti verið byrjun á skemmtilegu hefð að halda píanótónleikar á Regnbogahátíðinni í sal Tónskólans.

Fjórir unglingar réðust á átta ára dreng á Selfossi

Síðdegis á laugardag réðust fjórir unglingar á 8 ára dreng sem var á leið heim til sín frá vini. Faðir drengsins, Elí Kristberg Hilmarsson, setti færslu inn á Facebookhópinn Íbúar á Selfossi, þar sem hann óskaði eftir vitnum að árásinni. Lögreglu hefur verið gert viðvart. Árásin átti sér stað við rólúvöllinn hjá Gráhellu á Selfossi um klukkan 19:50 á laugardag og voru árásarmennirnir að sögn drengsins allir pólskumælandi og í kringum 15-16 ára gamlir. Tveir þeirra voru klæddir í gráar peysur, einn í rauðri og annar í svartri. Að sögn Elís var drengurinn á gangi við rólúvöllinn þegar hann sá fjóra unglinga á vappinu

í kringum rólóinn. Klukkan hafi verið að ganga átta og það hafi verið orðið dimmt. Hann segir einn unglinganna hafa bent á hann og sagt eitthvað á pólsku, sem hann skildi ekki, áður en þeir æddu á móti honum. Drengurinn hafi þá frosið og þeir veist að honum, einn hafi rífið í hettuna á úlpunni hans, annar tekið í hann og hrint honum áður en þeir hófu að sparka ítrekað í bak, fót, síðu og víðar, en drengurinn er með töluverða áverka eftir árásina. Írena Bylgja Einarisdóttir, móðir drengsins, segir í samtali við DFS að enn hafi ekkert komið í ljós við leitina að árásarmönnum en að drengurinn sé furðu brattur miðað við aðstæður.



Hrekjavaka

Skemmtilegt úrval í verslun okkar Brúarstræti 6, Selfossi



penninn.is
540-2316

selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6





Eyravegur 51
800 Selfoss
Sími 590-6996

ADALSKOÐUN

Þökkum frábærar viðtökur fyrsta árið okkar á Selfossi!

Afmælistilboð
15% afsláttur af aðalskoðun dagana 19. - 31. okt

Kaffi og kaka fyrir gesti og gangandi 27. október




FÉLAGSFUNDUR
Framsóknarfélags Árborgar

Félagsfundur verður haldinn fimmtudaginn 26. október 2023 klukkan 20 á Eyravegi 15. Farið verður yfir félagsmálin og önnur mál.

Stjórnin

Kæru sjóðfélagar,

Sjóðfélagayfirlit hafa nú verið birt rafrænt á island.is og á sjóðfélagavef Festu lífeyrissjóðs (www.festa.is) og verða þau hér eftir eingöngu birt rafrænt tvisvar á ári.

Sjóðfélagar eru hvattir til að bera saman iðgjaldagreiðslur á sjóðfélagayfirliti við greidd iðgjöld samkvæmt launaseðlum. Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa við gjaldþrot skulu launþegar, innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins, ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs. Ef upplýsingar um iðgjöld vantar á yfirlitið er mikilvægt að launþegi tilkynni það til lífeyrissjóðsins, með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins. Komi athugasemd ekki fram frá launþega er lífeyrissjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.

Tekið skal fram að þeir sjóðfélagar sem kjósa að fá pappírskyfirlit send heim, sér að kostnaðarlausu, geta óskað eftir því með því að senda tölvupóst á pósthfangið festa@festa.is eða haft samband við sjóðinn í síma 420-2100.

Bækur sem endurspegla litróf lífsins höfða til mín segir lestrarhesturinn Guðbjörg Arnardóttir

Guðbjörg Arnardóttir er fædd og uppalin á Selfossi. Hún bjó um tíma með fjölskyldu sinni í Odda á Rangárvöllum en búa núna á Selfossi þar sem hún starfar sem prestur í Árborgarprestakalli. Auk þess að njóta lesturs góðra bóka hefur hún gaman af því að þrjóna. Hún nýtur þess að eyða tíma með fjölskyldu og vinum, vera úti í náttúrunni, fara út að hjóla eða ganga um skóglendi.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er núna að lesa bók sem heitir *Rangur staður*, rangur tími og er einhvers konar spennusaga, þetta er saga sem ég hefði aldrei valið mér sjálf en fékk hana í bókaklúbbi sem er ég er í. Mér finnst inn á milli gaman að fá sendar bækur sem mér dytti ekki í hug að velja sjálf.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Ætli ég myndi ekki segja að fagurbókmenntir höfði mest til mín. Bækur sem segja góða sögu, eru fallega skrifaðar og endurspegla litróf lífsins. Sögur um hvað það er bæði flókið en dásamlegt að vera manneskja og lýsa ólíkum tengslum og samskiptum á milli persóna bókana. Ég hef líka frá því að ég man eftir mér verið hrifin af ljóðum og les enn nokkuð af ljóðum. Spennu- eða glæpasögur höfða síst til mín og les ég lítið sem ekkert af þannig bókum, þó



Guðbjörg Arnardóttir við styttna af Astrid Lindgren í fæðingarhæ hennar Vimmerby í Svíþjóð

alltaf eina og eina inn á milli. Ég verð svo auðvitað að nefna þá bók sem ég hef lesið spjaldanna á milli í mörg, bók sem ég kiki í á næstum hverjum degi og alltaf finn ég eitthvað í henni sem ég hef ekki komið auga á áður. Það er auðvitað bók bókana, *Biblían* eða upp á grísku *Biblos* sem þýðir í raun bókasafn.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Ég var svo heppin að vera alin upp við að lesið var fyrir mig og bækur hafa alltaf verið hluti af mínu lífi. Ég fékk iðulega bækur að gjöf á jólum og afmælum, það var alltaf nóg að lesa heima og svo fór ég reglulega í bókasafnið. Ég hafði gaman af því að lesa klassísk ævintýri og er H.C. Andersen þar í miklu uppáhaldi. Ég man líka eftir því að hafa skoðað aftur og aftur bækur sem voru með fallegum myndum eins og fræðibækur. Ég las nýjustu unglingabækurnar sem gefnar voru út og endurspegluðu tíðaranda þess tíma. Þegar ég var í 10. bekk áttum við að lesa bókin *Eins og hafið* eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur og skrifa kjörbókarritgerð. Sú bók markar líklega skilin þar sem ég hætti að lesa unglingabækur og finn nákvæmlega hvernig fullorðinsbækur mig langaði að lesa. *Eins og hafið* greip mig eins og ekkert annað hafði gert áður og ég les hana reglulega í gegnum árin. Ætli það sé ekki mín uppáhaldsbók.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég er alltaf með bók á náttborðinu og les fyrir svefninn, mér verður nú miságengt því oft tekur svefninn yfir áður en ég kemst nokkuð áfram. Best finnst mér að vakna á frídögum og lesa uppi í rúmi í góðan tíma áður en ég fer á fætur. Ef bókin er góð þá

á ég það til að grípa í hana þegar ég á lausa stund. Svo er það nýjasta venjan, Storytel, sem ég er farin að nýta mér og allt í einu verða öll verk sem þarf að vinna auðveldari og skemmtilegri með upplestri á góðri bók í eyrunum.

Áttu þér uppáhaldshöfundar?

Ég á nokkra uppáhalds rithöfundar sem ég hef átt í gegnum árin og reyni að lesa flestar þær bækur sem þessir höfundar gefa út. Vil fyrst nefna Jón Kalmann Stefánsson, það er alltaf eitthvað í bókunum hans og hvernig hann skrifar sem snertir mig. Ég les flest sem rithöfundarnir Auður Jónsdóttir, Guðrún Eva Mínervudóttir, Gerður Kristný, Steinunn Sigurðardóttir, Kristín Marja Baldursdóttir, Ísak Harðarson og Stefán Máni gefa út. Þessa dagana bíð ég spennt eftir Bókatiðindunum og hlakka til að sjá það nýjasta sem er að koma út. Það er verst að ég fæ yfir mig löngun til að leggja allt lífið til hliðar og hverfa inn í lestrinn.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já það hefur alveg komið fyrir þó það gerist mun minna nú eða áður og man ég ekki hvaða bók rændi mig síðast svefni. Sömuleiðis kemur fyrir að þegar ég klára bók rétt fyrir svefninn þá sef ég laust því hugurinn er að melta bókin sem læðist inn í draumana og undirmeðvitundina.

En að lokum Guðbjörg, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég hef nú alltaf látið mig dreyma um að gefa út ljóðabók. Ég samdi meira af ljóðum á mínum yngri árum þó eitt og eitt læðist á blað enn í dag. Á seinni árum fæ ég útrás fyrir þörfina til að skrifa með því að semja og þýða bænir sem oft eru með ljóðrænum blæ.

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar
getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**
og **myndabækur**.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
26. október kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn
26. október kl. 14:45.
Leikfélag Selfoss annast
um dagskrána.
Kaffi og kökur kr. 1.500.
Kaffi kr. 200.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
28 október milli 11 og 12,
að Eyrangei 15.

Maður er manns
gaman, allir velkomnir.

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

BerserkirBJJ slógu í gegn á Íslandsmóti

Íslandsmót í Brazilian Jiu Jitsu
lvar haldið dagana 21. og 22.
október í Ármanni og Smiðju-
völlum 4 í Reykjanesbæ. 94
keppendur kepptu í krakka og
unglingaflokkum og 100 í full-
orðins. BerserkirBJJ sendu frá
sér 10 keppendur.

Keppt var eftir beltum í
flokkum hvít, blátt og síðan
fjólublátt, brúnt og svart belti
saman.

BerserkirBJJ stóð uppi með 2
Íslandsmeistara og 2 brons sem
þykir góður árangur þar sem
þetta var fyrsta Íslandsmót fél-
lagsins sem var stofnað í maí.
Miklar framfarir hjá hópnum
þar sem flestir voru að stíga sín
fyrstu skref í keppni í BJJ og
margar skemmtilegar glímur.

Fullorðins

Egill Blöndal 1. sæti 100,5kg
svört belti.

Gísli Þórisson 3. sæti -76kg hvít
belti.

Daníel Örn Þorbjörnsson 3. sæti
-100,5kg hvít belti.

Anton Gunnlaugur Óskarsson 4.
sæti -88,3kg hvít belti.

Geirmundur Sverrisson 4. sæti
-82,3 KG blá belti.
Karol Stepniewsk 4. sæti
-88,3kg svört belti.

Unglingar

Fannar Þór Júlíusson 1.sæti -70
kg 14-15 ára og 3. sæti í opna.
Magnús Þ. Vignisson 4. sæti +75
kg 16-17 ára og 4. sæti í opna.



KIRKJA

Selfosskirkja

Fjölskyldumessa sunnudaginn
29. október kl. 11. Allir hjartan-
lega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Orgel- og lesmessa verður kl. 11
í umsjón Jóns Bjarnasonar,
orgnaista og Bergþóru Ragnars-
dóttur, dáknaðkandidats. Verið
velkomnir.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 29.
október kl. 11:00 í Hvítasunn-
kirkjunni Selfossi, Austurvegi
40B. English translation ava-
ilable. Allir innilega velkomnir.
www.selfossgospel.is

ÞJÓNUSTA

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.

Ramma inn myndir,

spjega og fleira.

Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON

Sléttuvegi 6, Selfossi

Sími 893 9068

STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastæðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Í góðu spilaformi þrátt fyrir skalla og smá bumbu

Sunnlenska stórhljómsveitin Á móti sól ætlar að blása til tónleikaveislu á Sviðinu þann 11. nóvember næstkomandi. Blaðamaður Dagskrárinnar hafði samband við tvo meðlimi hljómsveitarinnar og fékk að vita aðeins meira um þetta skemmtilega band.

Allt Skímó að þakka

Aðspurðir að því hvernig Á móti sól hafi orðið til segir Heimir að hljómsveitin hafi orðið til heima hjá honum á Selfossi haustið 1995 “ Það gerðist eiginlega óvart og við vorum ekki með neina drauma eða plön, nema bara að spila eitthvað skemmtilegt og hafa gaman að því. Svo gaf Skímó út plötu ’96 og þá ákváðum við bara að gera það líka. Smelltum okkur í djúpu laugina og gáfum út plötu 1997. Hún var alls ekki góð, en hún lagði grunninn. Þannig að þetta er allt Skímó strákunum að þakka.”

Miklu meira en spenntir fyrir Vínýlplötur

Hljómsveitin hefur því verið starfrækt í 28 ár nú í haust og eru nú með 9. plötuna í smíðum. „Já við ákváðum að gefa loksins út vínýl, við erum ekki til á því formi þannig að við erum spenntir. Miklu meira en spenntir. Þetta er fyrsta platan okkar síðan 2009 og hún er bara alveg helvíti góð!“ segir Magni.

Strákunum er ýmislegt til lista lagt. „Þórir lærði á skemmtara hjá Heimi Guðmunds, hann býr ennþá að því. Svo átti hann trommusett á Birkivöllum, en enga kjuða þannig að hann notaði skrufjárn. En hann getur spilað á flest sem gefur frá sér hljóð. Og Magni líka. Við hinir erum einhæfari,“ segir Heimir. „Mér skilst á strákunum að ég og Stebbi höfum verið yngstir þegar við náðum smá tókum á hljóðfærum, Stebbi er langskólagenginn í músík eins og

heyrir vel en ég er að mestu sjálf lærður,“ bætir Magni við.

Íslandsmet í fjölda skólastjóra

„Heimir samdi lag til konunnar sinnar þar sem hann segist vilja eiga miklu fleiri mínútur með henni og réði sig síðan sem skólastjóra á Stykkishólmi! Sævar er skólastjóri í Hveragerði og ég á tónlistarskóla á Akureyri þannig að það eru eiginlega 3 skólastjórar í bandinu sem er líklega Íslandsmet. Stebbi kennir á trommur og Þórir sér um að allir sem koma í Byko á Selfossi fari ennþá glaðari út,“ segir Magni.

Yfir 500 flugferðir á 8 árum

En skapar þessi fjarlægð engar hindranir? „Þegar Magni flutti á Akureyri fyrir mörgum árum hélt maður kannski að þetta myndi fjara út hjá okkur. En svo er hann alltaf fyrir sunnan að spila eitthvað þannig að við hittumst ekkert mikið sjaldnar en þegar hann bjó í bænum,“ segir Heimir. „Já, ég byrjaði ekki að telja flugferðirnar fyrr en í maí 2015 og ég er kominn yfir 500 síðan þá þannig að já, ég er töluvert hérna fyrir sunnan! Þetta hefði skapað vandamál fyrstu árin þegar við vorum að spila miklu meira og þvælast út um allt land. En núna breytir þetta litlu,“ bætir Magni við.

Elsku Hemmi

Aðspurðir um eftirminnilegustu giggin á sunnlenskri grundu sammælast strákarnir um að þau séu nokkur, en segja að giggin með Hemma Gunn og Ragga á Útlaganum á Flúðum standi uppúr. „Útlaginn var einstakur staður og Raggi og Hemmi algjörlega yndislegir. Við urðum góðir vinir Hemma og gerðum mikið með honum út um allt, við höfum það til dæmis fyrir síð að minnast Hemma áður en við förum á svið. Tökum hringinn og köllum hátt og snjallt



Hemmi Gunn. Elsku Hemmi,“ segja þeir angurværir.

Líklega eina hljómsveitin sem hefur flogið með Fokker frá Keflavík til Reykjavíkur

Það að þurfa að þvælast um landið þvert og endilangt getur eflaust reynst þrautinni þyngra, þá sérstaklega þegar landið sem um ræðir er okkar ylhýra Ísland með öllum sínum hæðum og lægðum. Bláðamanni lá forvitni á að vita hvernig íslenskt veðurfar hefði unnið gegn þeim á ferlinum. „Við erum líklega eina hljómsveitin á Íslandi sem hefur flogið með Fokker frá Keflavík til Reykjavíkur (5 mínútna flug!) Það er partur af langri sorgarsögu sem endaði þannig að ballgestir á Egilsstöðum voru komnir í hús á undan hljómsveitinni. En við komumst þó á endanum, í brjáluðu veðri. Seinna sama ár flugum við af stað á Egilsstaði í hríðarbyl en vorum himinsælir þegar við komum austur og sáum auða flugbraut sem við höldum að við

værum að fara að lenda á. En þá ákvað flugstjórinn að snúa við. Seinna fréttum við að hann hefði vel getað lent en það hefði verið tvísýnt hvort hann hefði komist til baka. Það var ansi súrt,“ segir Heimir.

Lúnir og þreyttir eftir að hafa komist nálægt gjaldþroti

En er þetta alltaf jafn gaman? „Nei nei! Eða jú, núna er þetta alveg ofboðslega gaman og hefur verið það mest allan tímann. Enda erum við allir mjög góðir vinir. Það kom smá súrt tímabil hjá okkur eftir að við gáfum út síðustu plötu. Við vorum búnir að selja 4 plötur í röð í gull eða meira og vorum orðnir aðeins of góðir með okkur. Gerðum rándýra plötu sem seldist síðan ekkert. Til að bæta gráu ofan á svart kom bankahrún og útgáfufyrirtækið sem við höfðum rekið síðan 2004 varð mjög nálægt því að verða gjaldþrota. Það fór allur spilapeningur í það og menn voru eðlilega orðnir lúnir og þínu þreyttir hver á öðrum.

Við ákváðum að fara í smá frí þá, líklega í janúar 2009, en það entist ekki nema í 2-3 mánuði,“ segir Heimir.

Hlakka til að spila á heimavelli

Strákarnir segjast vera „vandræðalega spenntir“ fyrir því að spila á Sviðinu. „Við spiludum þar rétt eftir að það opnaði, en það gígg var sveitaball með Pöpunum. Við kannski misskildum aðeins þælinguna með húsinu þá. Sviðið er frábær tónleikastaður og við hlökkum mikið til að spila lögin okkar og segja sögur af þóri okkar. Við getum lofað frábæru kvöldi. Við erum í góðu spilaformi þó einhverjir séu með smá bumbu og allir annaðhvort sköllóttir eða grá-hærðir! Við tókum öll okkar vinsælustu lög og segjum kannski 1-2 sögur. Við erum fyrst og fremst komnir til að skemmta okkur og ykkur. Hlökkum mikið til að spila loksins á heimavellinum hans Þóris. Og okkar. Hér byrjaði þetta allt,“ segja þeir að lokum.

HGL



Móberg eins árs

Hjúkrunarheimilið Móberg á Selfossi fagnaði 1. árs afmæli þann 19. október sl.

Margir góðir gestir fögnuðu með íbúum og kíktu við í kaffi. Í tilefni dagsins færði Vinafélag hjúkrunardeildanna á Selfossi, Móbergi höfðinglega gjöf, glæsilegt píanó og píanóstól sem á eftir að gleðja heimilisfólk Móbergs. Esther Óskarsdóttir formaður Vinafélagsins afhenti gjöfina fyrir hönd félagsins.

Fjóla St. Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborg færði heimilinu einnig glæsilegt fjögurra binda verk; Saga samvinnufélaga á Suðurlandi eftir Guðjón Friðriksson. Í færslu HSU eru Vina-



félaginu, Fjólu og bæjarstjórn Árborgar færðar hjartanlegar þakkir fyrir þessar fallegu og góðu gjafir.



Fjölskylduskemmtun af bestu sort

Lúðrasveit Þorlákshafnar lverður með fjölskylduskemmtun af bestu sort föstudaginn 3. nóvember í Hlíðardalsskóla, Ölfusi. Þar mun sveitin leika þekkta kvikmyndatónlist úr ólíkum áttum og frá mismunandi tímabilum. Undir spilamennskunni munu rúlla myndskreið úr viðkomandi kvikmyndum á stórum skjá.

Á efnisskránni má meðal annars finna tónlist úr kvik-

myndum eins og Harry Potter, Mission Impossible, Shrek og Hringjaranum úr Notre Dame. Eitthvað fyrir alla.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20:00 og stjórnandi er Daði Þór Einarsson.

Sem fyrr segir er um viðburð að ræða sem hentar öllum aldri og ungir sem aldnir geta komið og notið saman. Hægt er að nálgast miða á tix.is.

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvirk Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

BRÁÐ AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
þagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar
Guðmundsson
Sími 694 4922

Vilmundur
Sigurðsson
Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980